

Betri þjónusta fyrir minna fé

Á grunni klasasamstarfs á lykilsviðum og eflingu samkeppnissjóða



Drög að þriggja ára áætlun um klasasamstarf á sviði menntamála, heilbrigðismála, orku- og umhverfismála

Febrúar 2011

Inngangur

Samtök iðnaðarins standa fyrir samstarfsverkefninu ÁR NÝSKÖPUNAR – undir kjörorðunum „frumkvæði – fjárfesting – farsæld“. Hér er lögð er áhersla á að nýsköpun á erindi við alla. Háskóli Íslands fagnar í ár 100 ára afmæli og mun af því tilefni standa fyrir margþættri dagskrá undir yfirskriftinni „fjársjóður framtíðar“. Stjórnvöld lögðu í byrjun ársins fram áætlunina Ísland 2020 – „sókn fyrir atvinnulíf og samfélag“ undir kjörorðunum „þekking, sjálfbærni, velferð“. Í þessu er óneitanlega talsverður samhljómur sem þó þarf að samstillja og virkja betur.

Betri þjónusta fyrir minna fé – ný hugsun gegn viðjum vanans

Samtök iðnaðarins efndu í nóvember til fundar þar sem fjárlögin voru rýnd með augum nýsköpunar. Tilgangurinn var að skoða hvort hægt væri að sjá tækifæri í fjárlagafrumvarpinu þrátt fyrir niðurskurð. Horft var sérstaklega til útgjalda í mennta-, heilbrigðis-, orku- og umhverfismálum. Framsögumenn og þátttakendur í pallborði þar á meðal fimm ráðherrar voru sammála um nauðsyn þess að finna nýjar leiðir til að halda uppi þjónustu hins opinbera og helst bæta hana fyrir minna fé en áður. Í framsöguerindum Orra Hauksonar, framkvæmdastjóra SI, Steingríms J. Sigfússonar, fjármálaráðherra og Árna Páls Árnasonar, efnahags- og viðskiptaráðherra kom fram sterkur samhljómur um að bæta mætti þjónustu og ná meiri árangri fyrir minna fé. Lykillinn væri skýr stefnumótun, aukið samstarf og samstaða um framkvæmd með heildarhagsmuni lands og þjóðar að leiðarljósi.

Þetta krefst hins vegar nýrrar hugsunar og nýrra lausna. Í því sambandi er gagnlegt að horfa á tækifæri í klasasamstarfi stjórnvalda, stofnana og fyrirtækja á grunni straumlínustjórnunar (Lean- thinking). Hvatinn til samstarfs um verkefni á ábyrgð ríkis og sveitafélaga liggur í því að flytja fjármagn úr föstum farvegi fjárlaga í samkeppnisjóði fyrir nýsköpunar- og þróunarverkefni þar sem forgangsriðun er tengd árangri og gildi fyrir viðskiptavinum.



Fulltrúar stjórnvalda, fyrirtækja, háskóla og stofnana rýndu fjárlagafrumvarpið 2011 í pallborðsumræðu frá sjónarhóli nýsköpunar á sviði, orku-, heilbrigðis- og menntamála. Katrín Jakobsdóttir, menntamálaráðherra, Katrín Júlíusdóttir, iðnaðarráðherra og Guðbjartur Hannesson, heilbrigðisráðherra fyrir hönd stjórnvalda. Úr atvinnulífnum komu Svana Helen Björnsdóttir, framkvæmdastjóri Stika, Sveinbjörn Höskuldsson, framkvæmdastjóri Nox Medical og Eyjólfur Guðmundsson, hagfræðingur hjá CCP. Fyrir hönd háskóla og stofnana sátu Ari Kristinn Jónsson, rektor í HR, Björn Zoëga, forstjóri Landspítala háskólasjúkrahúss og Þorsteinn Ingi Sigfússon, forstjóri Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands

Rædd voru tækifæri í klasasamstarfi stjórnvalda, stofnana og fyrirtækja sem snúa í senn að því að efla og bæta þjónustu fyrir minna fé og um leið skapa nýjar lausnir sem geta orðið verðmætar útflutningsafurðir.

Straumlínustjórnun og klasasamstarf – leiðir til árangurs

Við getum ekki haldið áfram að gera alla hluti á sama hátt og áður á tímum samdráttar – við verðum einfaldlega að finna nýjar leiðir til að halda uppi þjónustu og helst bæta hana fyrir minna fé en áður. Það krefst nýrrar hugsunar, nýrra leiða og nýrra lausna. Með öðrum orðum NÝSKÖPUN.

Leiðin að þessu marki er í gegnum klasasamstarf, straumlínuhugsun (frá sjónarhóli notenda) og samkeppnissjóði. Hvatinn til frumkvæðis og samstarfs liggur í að flytja fjármagn til nýsköpunar og þróunar úr föstum fjárlögum stofnana í samkeppnissjóði þar sem forgangsröðun verkefna er tengd við árangur í formi verðmætasköpunar og gildis fyrir land og þjóð. Næstu skref felast í að efla samkeppnissjóði á borð við Tækniþróunarsjóð til að virkja samstarf á lykilsviðum s.s. á heilbrigðissviði, menntasviði og orkusviði í formi klasasamstarfs.

Straumlínu- og klasahugsun eru lykilhugtök þar sem þau tengja saman þarfir viðskiptavina og samstarf ólíkra aðila um þróun nýrra og hagkvæmari lausna. Straumlínuhugtakið (lean-thinking) felur í sér þá hugsun að horfa á þjónustu- og framleiðsluferli frá sjónarhorni viðskiptavina. Mörg af framsæknustu fyrirtækjum í heimi hafa náð undraverðum árangri með þessari hugsun á undanförunum árum. Helstu hindranir eru viðjar vanans –tilhneigingin að halda öllu í sama fari. Íslendingar þurfa á öllum kröftum að halda til að skapa nýja framtíð á grunni nýsköpunar, verðmætasköpunar og aukins útflutnings þar sem frumkvæði, fjárfesting og farsæld eru leiðarljósið. Þess vegna er mikilvægt að setjast við árar og róa í sömu átt.

Sókn og samkeppnissjóðir á þremur lykilsviðum:

Það liggur beinast við að hefja nýja sókn með nýjum aðferðum sem byggjast á klasahugsun og markáætlunum á þremur lykilsviðum, heilbrigðissviði, menntasviði og orku- og umhverfissviði. Lágmark er að setja upp áætlun til þriggja ára.

Markmiðið er að skapa betri og hagkvæmari lausnir til að uppfylla þarfir á þessum sviðum og um leið skapa tækifæri til þróunar á lausnum sem eiga erindi á alþjóðlegan markað.

Vonir gætu staðið til að hluti þeirra verkefna sem þannig væri settur á laggirnar gæti fljótlega leitt af sér sparnað/virðisauka jafnvel strax á næstu ári.

Einfalt er að koma þessu fyrirkomulagi á í tengslum við umsóknarferli Tækniþróunarsjóðs og skipun sérstakra klasafagraða sem fara yfir umsóknir og forgangsraða í samræmi við væntingar um árangur. Með því fyrirkomulagi væri nýtt að mestu það ferli og skipulag sem þegar er fyrir hendi hjá Rannís.

Fjármögnun og framkvæmd

Þrátt fyrir jákvæð viðbrögð fimm ráðherra tókst ekki að tryggja fjármagn á fjárlögum 2011 til að framfylgja þessari hugmynd eftir. Þetta voru vonbrigði og sýnir hversu erfitt er að brjótast úr viðjum vanans í fjárlagagerðinni þó allir séu sammála um þörfina fyrir að kalla eftir nýjum og betri lausnum fyrir minna fé.

Ekki er þó öll von úti því enn er óráðstafað hluta af iðnaðarmálagjaldinu frá árinu 2010. Um er að ræða 115 m.kr. sem þegar er búið að innheimta, en auk þess 35 m.kr. af því sem eftir er að innheimta á árinu 2011 vegna 2010. Þessa fjármuni eru menn sammála um setja í farveg Tækniþróunarsjóðs (skv. sérstöku samkomulagi þar um). Þetta eru í raun fjármunir iðnaðarins og því eðlilegt að stofnanir og stjórnvöld legðu sitt á mót og tryggðu áframhaldandi fjármögnun verkefna. Þannig yrðu 3x50 m.kr. að þrem 100 m.kr. pottum sem fyrirtækjum og stofnunum á mennta-, heilbrigðis-, orku- og umhverfissviðinu yrðið boðið að sækja í á samkeppnisgrunni. Krafa er gerð um 50% mótframlag umsækjenda þannig að umsvifin myndu því aftur tvöfaldast. Nauðsynlegt er að setja svona áætlun upp til minnst þriggja ára. Í heild væri því umfangið $3 \times 3 \times 200 = 1800$ þús. kr. Til viðbótar við þetta mætti tengja verkefni á vegum Nýsköpunarsjóðs námsmanna, norræn verkefni, Evrópuverkefni og aðkomu Atvinnuleysistryggingasjóðs eftir aðstæðum.

Verkefnið fellur vel að sóknaráætlun 2020 sem ríkisstjórnin lagði nýverið fram. Það er von okkar að hugmyndin um verkefnaútboð á þrem lykilsviðum sem tengjast fjármálum ríkisins geti náð fram að ganga og verði í framhaldinu fjármögnuð á fjárlögum næstu árin undir Sóknaráætlun 2020.

Meðfylgjandi tafla sýnir fjármögnun verkefnisins til þriggja ára:

Kostnaður mkr.	2011	2012	2013
Heilbrigðisklassi - verkefni	190	190	190
Menntaklassi - verkefni	190	190	190
Orku- og umhverfisklassi - verkefni	190	190	190
Umsjón og annar kostnaður	30	30	30
Norrænt/alþjóðlegt samstarf/NSN	?	?	?
	?	?	?
Samtals	600	600	600

Fjármögnun mkr.	2011	2012	2013
Iðnaðarmálagjald	150	0	00
Fjárlög/2020 áætlun		150	150
Mótframlag stofnana	150	150	150
Mótframlag fyrirtækja	300	300	300
Norrænt/alþjóðlegt samstarf/NSN	?	?	?
Atvinnuleysistryggingasjóður	?	?	?
Samtals	600	600	600

Í aðdraganda verkefnaútboðanna yrði efnt til stefnumóts fyrirtækja og stofnana, þar sem þarfir yrðu greindar, hugmyndir að samstarfsverkefnum yrðu reifaðar og tækifæri til viðbótarfjármögnunar á norrænum og evrópskum vettvangi greind. Þá mætti virka nemendur í verkefna- og sumarvinnu til verkþátta innan slíkra verkefna og skoða samstarf við Vinnumálastofnun um hvort virkja mætti atvinnuleitendur í verkefni sem tengjast þessum klösum. Þannig mætti enn auka svigrúm og umfang verkefna sem farið gæti af stað. Ekki er óraunhæft að ætla að umfangið gæti þegar upp er staðið orðið fjórfalt það fjármagn sem þannig væri endurráðstafað af fjárlögum.

Mikilvægur þáttur í hugmyndinni er að skapa samstarfsvettvang (klasavirkni) á hverju sviði milli þeirra sem endurspeglar þarfir (viðskiptavina) og þeirra sem þróa lausnir (þjónustu) s.s. stofnanir, nýsköpunar- og þjónustufyrirtæki með aðkomu ráðuneyta, háskóla og rannsóknastofnana með þekkingu á viðkomandi sviði.

Hugmyndin í hnotskurn og dæmi um verkefni:

- Teknar verði frá 3x3x50(iðnaðarmálagjald 2010 + fjárlög 2012-13) milljónir króna sem verða sérstaklega eyrnamerkta nýsköpunarverkefnum í heilbrigðisgeiranum, menntakerfinu og á orkusviðinu sem hafa skýrt markmið um að skapa sparnað í kerfinu, auka skilvirkni og gera meira úr þeim fjármunum sem fyrir hendi eru í kerfinu. Leggja mætti áherslu á hugmyndir sem skila sparnaði fljótt.
- Notaður verður sá farvegur sem fyrir hendi er hjá Tækniþróunarsjóði, faglegt mat á umsóknum, jafnræði umsóknaraðila og gegnsæi.
- Kröfur um að nýsköpunarfyrirtækin leggi a.m.k. jafn mikið á mót (króna á mót krónu) líkt og í Tækniþróunarsjóði tryggja að farið verður í rannsóknar- og þróunarstarf fyrir um allt að 600 milljónir á hverju sviði.
- Til yrði þekking, þjónusta og vara sem sparar fjármuni í heilbrigðiskerfinu, menntakerfinu og orkukerfinu.
- Til yrði þekking, þjónusta og vara sem þróa mætti til útflutnings
- Til yrðu ný störf og nýir vaxtarmöguleikar fyrir íslensk sprotafyrirtæki
- Aukin virkni og nýsköpun færðist í starfsemi og samstarf stofnana og fyrirtækja á þessum þrem lykilklösum í íslensku með aðkomu og þátttöku háskóla, rannsóknastofnana og tæknifyrirtækja.

Dæmi um verkefni sem gætu fengið framgang með þessum hætti:

- Upplýsingarkerfi heilbrigðiskerfisins og áframhaldandi þróun rafræna sjúkraskráa.
- Lausnir sem tengjast straumlínulögun ferla í heilbrigðiskerfinu, þ.m.t. í tengslum við nýtt Háskólasjúkrahús.
- Ýmsar lausnir sem byggja á þekkingu lækna í tilteknum meðferðarferlum sem notast við tækni og búnað til að auka skilvirkni og gæði.
- Rafrænar lausnir í menntakerfinu, s.s. fjarnám og aðferðafræði leikja við kennslu sem miða að auknum gæðum kennslu og hagræði fyrir nemendur, kennara og skóla.
- Nálgast brottfallsnemendur með nýjum og virkum aðferðum.

- Samstarf fyrirtækja og skóla um nýjar og virkari lausnir í kennslu.
- Nýjar lausnir til að auka nýtingu og umhverfisgæði orkuauðlinda.
- Nýjar lausnir til að lækka kostnað við kyndingu á köldum svæðum.

Nú þegar við þurfum virkilega að skera niður er mikilvægt að við gerum það skynsamlega.

Við vitum að víða vantar talsvert upp á skilvirkni í kerfinu og með því að taka frá tiltölulega hógværar upphæðir og eyrnamerkja þær nýsköpunarverkefnum með skýra áherslu á sparnað og aukna skilvirkni er verið að slá margar flugur í einu höggi.

Þörf á skjótum viðbrögðum og ákvarðanatöku

Það er von okkar að framangreind hugmynd um 3x3x50 m.kr. verkefnaútboð á þrem lykilsviðum sem tengjast fjármálum ríkisins geti náð fram að ganga. Fjármunum sem þannig yrði varið gætu fjórfaldast að umfangi, auk þess sem vænta mætti verulegs árangurs í formi betri þjónustu fyrir minna fé, auk þeirra veltu fyrirtækja og útflutnings sem leit gæti af slíku verkefni. Við munum á næstu dögum leita eftir viðbrögðum ráðherra og hagsmunaaðila við framangreindri hugmynd.

Samtök iðnaðarins, Hátækni- og sprotavettvangur